



Skipulags- og samgönguráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, vegna Sæbrautar - US190257.

Skipulags- og samgönguráð 14. ágúst 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, vegna Sæbrautar. Vísað til skrifstofu framkvæmda og viðhalds:

"Áður óséð ófremdar ástand hefur ríkt stóran part dags síðustu mánuði á Sæbraut í austur, allt frá Hörpu að Höfða vegna framkvæmda við gatnamót Sæbrautar/Snorrabrautar. Undirritaður hefur á liðnum vikum fylgst með framgangi framkvæmda og getur því staðfest að í rúman mánuð hið minnsta hefur þrenging Sæbrautar í eina rein vegna þessa, verið algjörlega óþörf.

Hverfisgata og þvergötur hafa fyrir vikið verið yfirfulltar svo afleiðinga gætir víða.

1. Hvernig má það vera að eitt vörubretti valdi lokun Sæbrautar niður í eina rein svo vikum skiptir?

2. Hvaða tímarammi var settur fyrir verkið?

3. Hvaða tímarammi var settur fyrir heimildir lokunar reina og þar með ófremdar ástands?

4. Hvenær lýkur þessu verki?

Undirritaður er ekki einn um áhyggjur af slíku verklagi og hér hefur verið beitt og leggur þessa fyrirspurn fram fyrir hönd fjölda borgarbúa sem til undirritaðs hafa leitað vegna málsins."

Svör:

Um er að ræða þrjú aðskilin verkefni:

a) Endurgerð Frakkastígs á milli Skúlagötu og Lindargötu og gerð nýrrar tengigötu á milli Skúlagötu og Sæbrautar með tilheyrandi beygjurein og rofi í miðeyju Sæbrautar ásamt uppsetningu nýrra umferðarljósa og gatnalýsingar. Færa þarf strætóbiðstöðvar og gera göngustíga. Leggja þarf snjóbræðslu og lagnir veitustofnana. Þegar ný tengigata hefur verið tekin í notkun verður núverandi tengigata á móts við Skúlagötu 20 og það sem henni tilheyrir fjarlægð og tyrft yfir svæðið.

b) Endurnýjun umferðarljósa og göngu- og hjólaleiða á gatnamótum Snorrabrautar og Sæbrautar ásamt bættri lýsingu á gönguleiðir. Auk þess verður beygjurein og framhjálaup til austurs frá Snorrabraut inn á Sæbraut aflagt.

c) Endurnýjun umferðarljósa og gönguleiða á gatnamótum Katrínartúns og Sæbrautar ásamt bættri lýsingu á gönguleiðir.

Í tengslum við ofangreind verkefni hefur þurft að loka akreinum tímabundið fyrir umferð og tilskilið er að verktaki haldi lokunum vegna akandi umferðar í lágmarki sem kostur er og utan annatíma.

Reiknað var með að framkvæmdum lyki í ágúst en framkvæmdum hefur seinkað af ýmsum orsökum. Nú er staðan þannig að framkvæmdum við Sæbraut-Snorrabraut er lokið og einnig nánast lokið við Sæbraut-Katrínartún. Hins vegar er reiknað með að framkvæmdum við Sæbraut – Frakkastíg ljúki um mánaðarmótin okt/nóv en þær framkvæmdir sem eftir eru núna, munu hafa lítil sem engin áhrif á umferð ökutækja.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds